

Söngur

Vörðupróf I

1. Verk (36 einingar)

- Tvö ólík aðallög (12 einingar hvort) flutt með hljómsveit, undirleik kennara, hljóðrituðum eða tölvugerðum undirleik. Þyngdarstig á milli grunnprófs og miðprófs. Spuni í öðru laginu.
- Eitt lag af átta laga safnlista valið af prófdómara. Flutt eins og nefnt er hér að ofan. (12 einingar). Þyngdarstig á milli grunnprófs og miðprófs. Spuni í 1/3 laganna.

2. Upprit (12 einingar)

Upprit flutt með upprunalegri hljóðritun. Þarf ekki að vera upprit nemanda, þarf ekki að vera skráð á nótur og þarf ekki að vera lært utanð. Viðmiðunarlengd 32 taktar.

3. Æfing (12 einingar)

Þyngdarstig á milli grunnprófs og miðprófs. Sjá æfingar hér fyrir neðan.

4. Tónstigar og hljómar (15 einingar)

Tónstigar:

Dúr, Hreinn moll, Hljómhæfur moll, Dórískur, Mixólýdískur, Dúr-pentatónískur, Moll-pentatónískur, Blústónstigi, Krómatískur, Djassmoll

Þríhljómar:

Dúr, Moll, Stækkaður, Minnkaður, Sus4

Ferhljómar:

Maj 7, 7

5. Val (10 einingar)

Nemandi velji eitt eftirtalinna:

- Syngi frumsamið verk eða eigin útsetningu.
- Syngi verk að eigin vali af sambærilegri þyngd og önnur miðprófsverefni.
- Syngi verk úr klassískri námskrá af sambærilegri þyngd og önnur prófverkefni.

6. Óundirbúinn nótnalestur (10 einingar)

Þyngdarstig á milli grunnprófs og miðprófs.

- Hefðbundinn nótnalestur (5 einingar).
- Lestur bókstafshljóma og spuni yfir þá (5 einingar).


7. Heildarsvipur (5 einingar)

Söngæfingar:

Söngæfingarar skulu sungnar án undirleiks. Það er á valdi prófdómara að velja tóntegundir og sérhljóða til að syngja, en nemandinn þarf að geta sagt til um tónsvið sitt. Jafnframt þarf nemandinn að geta sungið æfingarar á mismunandi hraða.



Sérhljóði að vild



Sérhljóði að vild



eða sérhljóði að vild



Sérhljóði að vild

Vörðupróf II

1. Verk (36 einingar alls)

Þyngdarstig á milli miðprófs og framhaldsprófs.

- a. Tvö ólík aðallög, flutt með hljómsveit (12 einingar hvort). Spuni í a.m.k öðru.
- b. Eitt lag af 22 laga lista, flutt með hljómsveit - valið af prófdómara (12 einingar). Spuni í a.m.k 8 laganna.

2. Upprit (12 einingar)

Gert af nemanda, afrit afhent prófdómara, flutt utanbókar og með upprunalegri upptöku. Viðmiðunarlengd 64 taktar.

3. Söngæfingar (12 einingar)

Þyngdarstig á milli miðprófs og framhaldsprófs. Sjá æfingar hér fyrir neðan.

4. Tónstigar og hljómar (15 einingar)

Tónstigar:

Dúr, Hreinn moll, Hljómhæfur moll, Dórískur, Mixólýdískur, Mix b9/b13, Dúr-pentatónískur, Moll-pentatónískur, Blústónstigi, Krómatískur, Frígískur, Lókrískur, Djassmoll, Lýdískur, Lýdískur b7

Þríhljómar:

Dúr, moll, Stækkaður, minnkaður, Sus4

Ferhljómar:

Dom7, Maj 7, Moll7, Stækkaður7, Fullminnkaður, Hálfminnkaður, Sus4/7

Níundahljómar:

Dom7/9, Dom 7/b9, Maj 7/9

5. Val (10 einingar)

Nemandi velji eitt eftirtalinna viðfangsefna:

- a. Syngi frumsamið verk eða eigin útsetningu.
- b. Syngi verk að eigin vali af sambærilegri þyngd og önnur verkefni prófsins.

6. Óundirbúinn nótnalestur (10 einingar)

- a. Hefðbundinn nótnalestur.
- b. Lestur bókstafshljóma og spuni yfir þá.

7. Heildarsvipur (5 einingar)

Raddæfingar.


Söngæfingarnar skulu sungnar án undirleiks. Það er á valdi prófdómara að velja tóntegundir og sérhljóða til að syngja, en nemandinn þarf að geta sagt til um tónsvið sitt. Jafnframt þarf nemandinn að geta sungið æfingarnar á mismunandi hraða.




Sérhljóði að vild



Sérhljóði að vild



Staccato/legato



Sérhljóði að vild